

AUSTRIAN AUDIO

Hi-X25BT Professional þráðlaus Bluetooth® heyrnartól yfir eyru

Eigendahandbók

Yfirlit og öryggisleiðbeiningar

Hi-X25BT heyrnartólin krefjast þess að tengst sé **Bluetooth®**-samhæfu tæki (t.d. tölvu, farsíma, o.s.frv.) svo hægt sé að nota þau þráðlaus. Með því að nota meðfylgjandi USB-C® í USB-C® snúru er líka hægt að hlusta með stafrænni hljóðstillingu og með því að nota „jack-snúruna“ er meira að segja hægt að hlusta með hliðrænni hljóðstillingu.

Lesið og fylgið leiðbeiningunum í þessari handbók áður en varan er notuð.



- Eingöngu má nota vöruna á hátt sem samræmist tilætlaðri notkun. Austrian Audio getur ekki tekið neina ábyrgð á tjóni sem stafar af óviðeigandi meðhöndlun eða rangri notkun vörunnar.
- Ef hlustað er á hljómflutningstæki á fullum hljóðstyrk í langan tíma, getur það skaðað heyrn notanda.
- Vöruna má ekki nota ef hún er gölluð.
- Vöruna þarf alltaf að geyma á þurrum og öruggum stað.
- Varan inniheldur litíum-fjölliðu rafhlöðu. Rafhlaðan má ekki hitna of mikið (ekki geyma vöruna í bíl sem stendur í sólinni, ekki kasta því í opinn eld og ekki láta það í örbylgjuofn).
- Vöruna má ekki nota utan við ætlað rekstrarhitastig: 0 °C til 45 °C (32 °F til 113 °F).
- Ekki hlaða tækið ef það er of heitt eða of kalt. Leyfðu því að kólna eða hitna að u.þ.b. 20 °C til 30 °C (68 °F til 86 °F) áður en það er hlaðið. Ekki láta vöruna vera eftirlitslaus þegar hún er í sambandi við rafmagn.
- Ekki nota þessa vöru í blautu eða röku umhverfi.
- Ekki missa vöruna í jörðina.
- Innbyggðir reklar með háum hreyfimörkum innihalda segla.
- Þessa vöru skal geyma fjarri ungum börnum og einstaklingum sem ekki eru færir um að stjórna faglegum hljóðbúnaði.
- Ef það þarf að þrifa búnaðinn þá má eingöngu gera það með mjúkum, rökum klút.
- Ekki nota aukabúnað frá þriðju aðilum nema annað sé tekið fram.
- Ekki taka vöruna í sundur, þar sem hún inniheldur enga íhluti sem notandi getur þjónustað.
- Ekki fjarlægja límmiðann.


Þakka þér fyrir að lesa leiðbeiningarnar og kærar þakkir fyrir að veita Austrian Audio traust þitt.

Notkun Hi-X25BT:

Kveikja/slökkva

Ýttu á kveikt/slökkt hnappinn neðst á hægri eyrnahlífinni í 2 sekúndur þar til Hi-X25BT tækið tekur á móti þér með vinalagu „Power On“ (kveikt) og bláa LED-ljósið byrjar að blikka. Ef það er enn virk tenging munu heyrnartólin sjálfkrafa tengjast tækinu sem var áður tengt og staðfesta það með tilkynningunni „Connected“ (tengt) og LED-ljósið breytist þannig að það logar með stöðugum bláum lit.

Til að slökkva á heyrnartólunum skaltu halda kveikja/slökkva hnappnum inni í 3 sekúndur þar til það slokknar á Hi-X25BT og tilkynningin „Power Off“ (slökkt) heyrst og bláa LED-ljósið slokknar.




Tengjast með Bluetooth®

Til að koma á (nýrri) tengingu munt þú þurfa að slökkva á heyrnartólunum þínum. Ýttu nú á kveikt/slökkt hnappinn og haltu honum inni í 5 sekúndur. Heyrnartólin þín kveikja á sér og fara sjálfkrafa í tengingarstillinguna, sem er staðfest með tilkynningunni „Pairing“ (pörun) og að bláa LED-ljósið fer að blikka hratt.

Ath.: Ef þú ert að kveikja á heyrnartólunum í fyrsta sinn fara þau sjálfkrafa í pörunarstillinguna.

Ath.: Ef heyrnartólin þín ná ekki að tengjast við tækið sem verið er að reyna að tengja (t.d. vegna þess að Bluetooth® hefur verið gert óvirkt í tækinu þínu) munu heyrnartólin slökkva sjálfkrafa á sér eftir nokkurn tíma.




Hlaða og hlusta með stafrænum hljóðstillingum

Notaðu meðfylgjandi USB-snúru til að hlaða heyrnartólin þín. Bluetooth® tengingin helst og þú getur haldið áfram að nota Hi-X25BT á meðan þú hleður heyrnartólin með USB-snúrunni.

Til dæmis ef Hi-X25BT heyrnartólin þín eru tengd við fartölvu, getur þú haldið áfram að hlusta á tónlist í gegnum USB-snúruna sem er tengd meðan verið er að hlaða heyrnartólin. Til að láta Hi-X25BT vita að þú viljir skipta úr Bluetooth®-stillingu í stafræna hljóðstillingu skaltu ýta í stutta stund á kveikja/slökkva hnappinn.

Ath.: Athugaðu að hljóðnemin er ekki tiltækur þegar tækið er í USB stafrænni hljóðstillingu.

Ef þú vilt skipta aftur úr stafrænni hljóðstillingu í Bluetooth®-stillingu, ýttu einfaldlega í stutta stund aftur á kveikja/slökkva hnappinn.




Hlustað í hliðrænni hljóðstillingu

Hliðstæða hljóðstillingin virkar án þess að rafhlaðan sé notuð, þess vegna munu

Hi-X25BT heyrnartólin slökkva sjálfkrafa á sér þegar þau er tend með hliðrænu jack-snúrunni. Þá þarf tæki (t.d. snjallsíma) sem er með jack-tengi. Til að tengja Hi-X25BT þinn við atvinnuhljóðbúnað hefur einnig verið látið fylgja með 3,5 í 6,3 mm (1/8" í 1/4") millistykki.

Ath.: Þegar þú ert í hliðrænni hljóðstillingu eru snertistýringaraðgerðirnar á hægri eyrnahlífinni óvirkar. Þú gætir tekið eftir töluverðum mun á hljóðstyrk á milli Bluetooth® og hliðrænnar hljóðstillingar.




Snertistýringaraðgerðir

Hi-X25BT heyrnartólin þín bjóða upp á snertistýringar (rafrýmdarstýringar) á hægri eyrnahlífinni svo þú getir stjórnað vinsælustu Bluetooth® aðgerðunum.

- Til að auka hljóðstyrkinn, er fingrunum rennt upp eftir
- Ef þú hefur fingurinn á skynjaranum eftir að hafa rennt upp, munu Hi-X25BT heyrnartólin halda áfram að hækka hljóðstyrkinn þar til þú hættir að snerta rásina eða þegar þú hefur náð hámarks hljóðstyrk.
- Til að lækka hljóðstyrkinn, er fingrunum rennt niður eftir leiðandi rásinni.
- Ef þú heldur fingrinum á skynjaranum eftir að hafa rennt honum niður eftir rásinni, munu Hi-X25BT heyrnartólin halda áfram að lækka hljóðstyrkinn þar til þú sleppir rásinni eða þegar lágmarkshljóðstyrk hefur verið náð.




- Ef þú vilt ræsa raddaðstoðina (ef slíkt fylgir og er virkt á tækinu sem er uppruni Bluetooth® tengingarinnar), skaltu snerta stjórnsvæðið með fleiri en einum fingri lengur en 3 sekúndur.



Þegar þú hlustar á tónlist getur þú að auki:

- Byrjað lagið eða gert hlé á laginu þínu með því að sinni á snertistýringarsvæðið.
- Stökktu í næsta lag með því að pikka tvisvar á svæðið.
- Stökktu aftur í síðasta lag með því að pikka þrisvar á svæðið.



Ef hringt er í þig eða ef þú byrjar að hringja í einhvern munu Hi-X25BT heyrnartólin þín skipta sjálfkrafa yfir í símastýringuna:


- Þú getur nú svarað símtalinu eða slitið símtalinu með því að pikka einu sinni á svæðið.
- Þú getur einnig hafnað símtali með því að pikka tvisvar.

Ath.: Ef þú átt í vandræðum með að nota snertistýringuna, skaltu reyna að beita fingrinum með skarpari eða jafnari hætti á eyrnahlífina. Brátt muntu geta notið alls ávinningsins af því að vera með snertistýringu á heyrnartólunum.

Flutningur á Hi-X25BT heyrnartólunum

Boðið er upp á tvo valkosti til að spara pláss þegar verið er að flytja Hi-X25BT heyrnartólin:

Þú getur annað hvort snúið eyrnahlífunum aftur á bak, þannig að þær liggja flatar - tilvalið til að flytja heyrnartólin í fartölvutöskunni, til dæmis. Eða þú getur felld eyrnahlífarnar í átt að höfuðboganum til að pakka þeim mjög þétt saman (t.d. fyrir tösku eða bakpoka). Þegar verið er að flytja heyrnartólin mælum við með því að snúran sé tekin úr sambandi og nota meðfylgjandi poka til að verja yfirborð heyrnartólanna.




Hvernig á að skipta um eyrnarpúða


Með því að nota Hi-XBCUK púðaskiptasettið (selt sér) er lítið mál að skipta sjálf(ur) um Hi-X25BT eyrnarpúðana.

Ath.: Eyrnapúðarnir eru festir með skrúfum - ekki toga í eyrnarpúðana án þess að losa skrúfurnar og fylgdu leiðbeiningunum hér að neðan.


1. Byrjaðu á því að taka út svampinnleggin bæði á hægri og vinstri hlið. Klíptu utan um þau með tveim fingrum og þá getur þú dregið þau út auðveldlega.




2. Notaðu Torx® T6 skrufjárn til að losa fjórar skrúfur á innri plötunni. Ekki er nauðsynlegt að losa skrúfurnar alveg frá.



3. Nú getur þú dregið eyrnarpúðana varlega úr heyrnatólunum og látið inn nýja. Gakktu úr skugga um að innri platan þeki brún púðans.



4. Hertu skrúfurnar og ýttu innri plötunni gætilega niður til að festa púðana á sinn stað. Komdu síðan nýju froðuinnleggjunum fyrir í heyrnartólunum.



Bilanagreining:

Hi-X25BT tengist alltaf röngu Bluetooth® tæki:

- ➔ Við mælum með að þú þurrkir út listann yfir tengd tæki. Þegar slökkt er á heyrnartólunum, skaltu halda kveikja/slökkva hnappnum á heyrnartólunum inni í meira en 10 sekúndur. Byrjaðu síðan að setja aftur upp Bluetooth® tenginguna þína við það tæki sem þú vilt tengjast.

Bláa LED-ljósið blikkar en heyrnartólin mín tengjast ekki:

- ➔ Við mælum með að þú endurræsir Bluetooth® tenginguna með „Pairing“ (pörun). Ef það gengur ekki, skaltu þurrka út listann yfir tengd tæki eins og lýst er hér að ofan og setja tenginguna upp aftur. Einnig getur verið að Bluetooth® tækið þitt (snjallsími, fartölva, o.s.frv.) gefi aðeins upp takmarkaðan fjölda skráðra Bluetooth® tenginga. Ef þörf krefur, skaltu einnig þurrka út listann á Bluetooth® tækinu þínu. Nánari upplýsingar er að finna í leiðbeiningum/handbók tækisins.

Ég er tengdur með snúru en ég næ ekki að hringja:


- ➔ Innbyggði hljóðneminn er aðeins studdur í Bluetooth®-stillingu.

Ég vil taka þátt í símafundi með Bluetooth® en enginn heyrir í mér (eða ég heyrir ekki í öðrum á fundinum):

- ➔ Það fer eftir hugbúnaðinum sem notaður er, stundum skiptir hljóðgjafinn á einkatölvunni ekki yfir sjálfkrafa. Oftast er hægt að finna hljóðnemastillingarnar með hljóðnematákninu í fjarfundabúnaðinum. Veldu „Hi-X25BT“ sem hljóðnema og hátalara. Ef hugbúnaðurinn þinn býður upp á fleiri en einn prófílvalkost skaltu velja „HFP“ eða „HSP“ en ekki „A2DP“ fyrir fjarfundi.

Hi-X25BT heyrnatólin mín bregðast ekki við neinu:

- ➔ Gakktu úr skugga um að heyrnartólin séu með nægilega hleðslu. Endurstilltu nú vélbúnaðinn: Stingu mjóum hlut (t.d. bréfastemmu sem þú hefur beygt í sundur) í litla gatið á efri brún hægri eyrnahlíf heyrnartólanna og ýttu á hnappinn sem er þar inni. Hi-X25BT heyrnartólin mun endurræsast (þetta mun ekki hafa áhrif á vistaðar tengingar).



Hi-X25BT heyrnartólin blikka hratt og stöðugt:

- ➔ Heyrnartólin þín gefa til kynna að þau séu að bíða eftir að koma á Bluetooth® tengingu í fyrsta sinn. Stilltu Bluetooth® tækið þitt í pörunarstillingu til að setja upp tengingu.

Hi-X25BT heyrnartólin mín segja „Battery low“ (lág hleðsla) með reglulegu millibili:

- ➔ Rafhlöður heyrnartólanna þínar eru að tæmast: komdu þeim í hleðslu með USB tengi.

Stundum bregðast Hi-X25BT heyrnartólin mín alls ekki við eða ekki eins og búist má við með snertistýringum:

- ➔ Engar af stýringunum virka nema í Bluetooth®-stillingu. Í USB-stillingu gætu sumar aðgerðir verið studdar en aðrar ekki, það fer eftir tækinu sem tengt er við - Hi-X25BT heyrnartólin geta ekki haft áhrif á það.
- ➔ Ekki nota Hi-X25BT heyrnartólin þegar þú ert blaut(ur) á höndunum.
- ➔ Hreinsaðu óhreinindi eða vatnsdropa sem kunna að hafa safnast á yfirborði skynjarans.

Hi-X25BT heyrnartólin mín virka ekki einu sinni í aðgerðalausri stillingu:

- ➔ Til að láta Hi-X25BT heyrnartólin vita að það er kominn tími til að spila í aðgerðarlausri stillingu þarf að veita afgangssorku í jack-snúrana. Vanalega nægir afgangsspenna rafhlöðunnar, jafnvel þó að það sé ekki lengur nóg til að hægt sé að spila í Bluetooth®-stillingu. Settu heyrnartólin í hleðslu í stutta stund (eða lengur).

Hi-X25BT heyrnartólin mín vilja ekki spila tónlist í gegnum USB tengingu:

- ➔ Gakktu úr skugga um að heyrnartólin séu ekki í Bluetooth®-stillingu. Ýttu í stutta stund á kveikt/slökkt hnappinn til að skipta yfir í USB-stillingu.

Hi-X25B heyrnartólin spila enga tónlist í gegnum Bluetooth®:

- ➔ Gakktu úr skugga um að heyrnartólin séu ekki í USB-stillingu. Ýttu í stutta stund á kveikt/slökkt hnappinn til að skipta yfir í Bluetooth®-stillingu.
- ➔ Gakktu úr skugga um að Bluetooth® sé virkt á tækinu sem verið er að tengjast við. Það fer eftir stýrikerfinu, en það getur verið að gert sé hlé á spilun til að tækið geti átt samskipti (t.d. til að svara eða hafna símtali).

Ég hef tengt Hi-X25BT heyrnartólin mín við tækið með USB snúru; tækið hefur greint heyrnartólin og þau birtast á tækinu, en engin tónlist er spiluð.

- ➔ Kveiktu á heyrnartólunum með virkum hætti.

Samræmist IEC 62368-1:2018 fyrir hljóðbúnað farsíma.



Pegar nýtingartíma vörunnar er lokið, skal aðskilja hlíf, rafeindabúnað og snúrur og farga hverri einingu í samræmi við innlendar reglur um förgun úrgangs!



Austrian Audio GmbH lýsir því hér með yfir að þráðlaus fjarskiptabúnaður af gerðinni Hi-X25BT sé í samræmi við tilskipun 2014/53/ESB. Heildartexta samræmisýfirlýsingar ESB er að finna á slóðinni: <https://austrian.audio>

Lagalegar upplýsingar fyrir Kína (针对中国的法律信息):



部件名称	有害物质					
	铅 (Pb)	汞 (Hg)	镉 (Cd)	六价铬 (Cr(VI))	多溴联苯 (PBB)	多溴二苯醚 (PBDE)
头戴式耳机	X	O	O	O	O	O
电缆	X	O	O	O	O	O
本表格依据 SJ/T 11364 的规定编制。						
O : 表示该有害物质在该部件所有均质材料中的含量均在 GB/T 26572 规定的限量要求以下。						
X : 表示该有害物质至少在该部件的某一均质材料中的含量超出 GB/T 26572 规定的限量要求						

Lagalegar upplýsingar fyrir Kaliforníu (BNA):

VIÐVÖRUN: Þessi vara getur útsett þig fyrir iðefnum, þar með töldu blýi, sem Kaliforníuríki veit að getur valdið krabbameini og fæðingargöllum eða öðrum skaða í tengslum við æxlun. Nánari upplýsingar er að finna á: www.P65Warnings.ca.gov.

Copyright Austrian Audio 2021.

Allur réttur áskilinn
Austrian Audio GmbH
Eitnergasse 15
1230 Vín, Austurríki

Bluetooth® merkið og kennimerkið eru skráð vörumerki í eigu Bluetooth SIG, Inc. og öll notkun Austrian Audio GmbH á slíkum merkjum fer fram með leyfi. USB Type-C® og USB-C® eru skráð vörumerki USB Implementers Forum. Torx® er skráð vörumerki Acument Intellectual Properties, LLC í Bandaríkjunum.

Hi-X25_Manual_A_EN-27.07.2021